

Fundur haldinn í menningar-, íþróttá- og frístundanevnd Hveragerðisbæjar í fundarsal að Sunnumörk 2, fimmtudaginn 20. sept. 2012, kl. 17:00.

Mætt voru: Eyþór H. Ólafsson, Guðríður Aadnegard, Kristín Arna Hauksdóttir og Heimir Eyvindarson. Hafþór Vilberg Björnsson boðaði forföll. Jóhanna M. Hjartardóttir menningar- og frístundafulltrúi sat fundinn og ritaði fundargerð.

Formaður stjórnaði fundi og leitaði eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Dagskrá:

1. Blómstrandi dagar
2. Íþróttamannvirki – hauststarfið
3. Safnahelgi á Suðurlandi
4. Menningarmál – safngripir
5. Varmahlíð – listamannahús

1. Blómstrandi dagar
Uppgjör lagt fram til kynningar og umræðu.

2. Íþróttamannvirki – hauststarfið
Menningar- og frístundafulltrúi kynnti hauststarf íþróttamannvirkja og gang mála í Hamarshöllinni.

3. Safnahelgi á Suðurlandi
Safnahelgi á Suðurlandi verður helgina 2.-4. nóvember. Menningar- og frístundafulltrúi kynnti undirbúning og mögulegar upptakomur í Hveragerði.

4. Menningarmál – safngripir
Formaður kynnti að Hveragerðisbær ætti túrbínu úr rafstöðinni sem stóð við Varmá. Umræður um varðveislu minjanna og ákveðið að sækja um styrki til verkefnisins.

5. Varmahlíð – listamannahús
Dvöl í Varmahlíð – listamannahúsi bæjarins fyrir árið 2013, verður laus til umsóknar frá og með 1. október næstkomandi. Menningar- og frístundafulltrúi sér um að auglýsa.

Fundargerð lesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:57

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Kristín Arna Hauksdóttir, (sign)

Guðríður Aadnegard, (sign)

Heimir Eyvindarson, (sign)

Jóhanna M. Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi, (sign)